

---

## Jafnréttisáætlun Leikskólans í Stykkishólmi

---

Jafnrétti er grundvallarregla í íslensku þjóðfélagi og tryggð í 65. grein stjórnarskrárinnar en þar segir: „*allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis, og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.*“ (Jafnrétti.2013:8)

Gæta þarf þess að taka fram í auglýsingum að átt sé við bæði kynin og í tilfalli leikskólans eru karlar hvattir til að sækja um.

Jafnrétti er hugtak sem nær til margra þátta eins og aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis og þjóðernis. (Jafnrétti.2013:7) Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. ( Aðalnámskrá leikskóla.2011:14)

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi. ( Aðalnámskrá leikskóla.2011:14)

Í Aðalnámskrá eru þessi atriði sett upp í 5 þætti (Jafnrétti.2013:7) og þeir eru :

1. *Kyn, kynhneigð og kynvitund*
2. *Menning, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir*
3. *Fötlun*
4. *Aldur*
5. *Stétt og búseta*

Mikilvægt er að öll börn fái sömu tækifæri til náms og leiks innan leikskólans og því þarf að gæta þess að setja engin börn í flokka.

Við þurfum að vera þess meðvituð að við lifum í margbreytilegum heimi þar sem öll trúarbrögð, kyn og þjóðerni eru jafnréttá.

Við þurfum að skapa tækifæri til að fjalla um hin ýmsu mál sem flokkast undir jafnrétti svo sem kyn, fötlun, trúarbrögð, þjóðerni og tungumál (tvítyngi).

Gæta skal að lesa bækur sem gera báðum kynjum jafn hátt undir höfði.

Í vali, hópastarfi og öðrum stundum í leikskólanum eiga bæði kynin að hafa jafnan aðgang að leikefni.

Allt starfsfólk þarf að huga að orðfæri sínu og athöfnum til þess að láta ekki fyrirfram gefnar hugmyndir þjóðfélagsins hafa yfirhöndina heldur koma fram við börnin með opnum hug.

Í leikskólanum eru opin rými með gluggum á milli herbergja, margir kennarar eru á hverri deild sem minnar líkur á því að ofbeldi af hvaða tagi sem er, eigi sér stað.

Börnin eru ekki án eftirlits til þess að koma þeim ekki í óþægilega og erfiða aðstöðu.

Það þarf að ræða opinskátt um öll ofbeldismál, hættu sem gæti skapast og hvernig brugðist er við ef mál af þessu tagi kæmi upp í leikskólanum.

Leikskólinn vinnur með Vináttu – eineltisverkefni Barnaheilla.

Endurskoðað í nóvember 2018